

## Skólanámskrá

**Bekkur: 4. bekkur**

**Námsgrein: Íslenska**

**Ábyrgð**



**Virðing**

**Velliðan**

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslu fyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>beitt skýrum og áheyrilegum framburði.</li> <li>hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.</li> <li>tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.</li> </ul>	<p>Lesið upphátt í skóla flesta daga Yndislestur að morgni/frjáls lestur, 5 x í viku</p> <p>Nestislestur Innlögn Verkefnavinna Hópavinna Einstaklingsvinna Vinna í kennslubókum Skapandi starf Samvinna Gagnvirk vinna á vef Vinna á spjaldtölvum Áhugasviðsvinna Útikennsla</p>	<p>Ýmsar kennslubækur Verkefni til að þjálfa ýmsa þætti íslenskunnar Lesfimi Ýmis verkefni tengd Byrjendalæsi Rafræn verkefni Ljósrit Bækur af bókasafni</p>	<p>Símat Lesferill – hraðlestrarpróf (skólagáttin í sept., jan. og maí Orðarún (2x yfir árið)</p> <p>Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B, C og D.</p> <p>Samræmt-próf/verkefni að vori.</p>
<b>Lestur og bókmenntir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.</li> <li>lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.</li> <li>sett saman einfalda vísu og þekki algeng hugtök í bragfræði, svo sem rím, ljóðlínu og erindi.</li> </ul>			

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.</li> <li>• tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.</li> </ul>			
<b>Ritun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, s.s. upphafi, meginmáli og niðurlagi.</li> <li>• beitt einföldum stafsetningarreglum.</li> <li>• skrifað mismunandi texta, s.s. sögu, auglýsingar og uppskriftir.</li> <li>• skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesandans.</li> </ul>			
<b>Málfræði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• þekkt sagnorð.</li> <li>• gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.</li> <li>• leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða, málshætti og orðtök.</li> <li>• þekki muninn á setningu og málsgrein.</li> <li>• beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða sem hæfir þroska.</li> </ul>			